

Fundargerð hverfisnefndar Naustahverfis

Annar fundur haldinn í hverfisnefnd Naustahverfis, í Naustatjörn, mánudaginn 19. febrúar 2007, kl. 20:30. Mættir voru: Hjálmar Guðmundsson, Bjarni Sigurðsson, Helgi Már Barðason og Hallveig B. Höskuldsdóttir.

Bjarni formaður bauð fundagesti velkomna.

1. Sameiginlegur fundur með formönnum annarra hverfisnefnda

Bjarni kynnti fundarmönnum dagskrá þess fundar og ályktun sem samþykkt var á þeim fundi um starfsumhverfi hverfisnefnda Akureyrarbæjar utan Hríseyjar.

2. Tillaga að bréfi til Skipulagsnefndar um breytingu á skipulagi við Stekkjartún.

Hjálmar lagði fram tillögu að innihaldi bréfsins.

Vegna fyrirhugaðrar tillögu á breytingu á Stekkjartúni 32-34 úr þriggja hæða húsi ofan á bílageymslu í fimm hæða hús ofan á bílageymslu gerir hverfisnefnd Naustahverfis eftirfarandi athugasemdir til Skipulagsnefndar. Hverfisnefndin lýsir jafnframt yfir óánægju með fyrirhugaðar breytingar.

- Í Naustahverfi er unnið eftir því meginsjónarmiði að öll háreistari byggð er nálægt miðju hverfisins meðfram Kjarnagötu enda er þar markmiðið að verði mestur þéttleiki og ennfremur mest af þjónustu í hverfinu. Það að hækka hús og fjölga íbúðum í útjaðri hverfisins, þ.e. við Stekkjartún, er í ósamræmi við það.
- Ramminn sem rætt er um í skipulagsskilmálum að móti hverfið á þessu svæði mótast af þriggja hæða fjölbýlishúsum og bogahúsin rétt norðan við Stekkjartún 32-34 eru einmitt með svipaða hæð og áður var gert ráð fyrir að húsið við Stekkjartún 32-34 yrði. Það er erfitt að halda því fram að þessi rammi haldi sama gildi og áður ef eitt húsið hækkar. .
- Fjölgun íbúða á þessum stað í hverfinu veldur aukningu á umferð. Blokkinn sem um ræðir er við enda bogagötu (Stekkjartún – Skálatún) og nokkuð langt er að fara til að komast inn í og út úr hverfinu. Breytingin leiðir þá til aukinnar umferðar á allri þeirri leið, sem ekki hefur verið gert ráð fyrir í fyrirhugaðri gatnagerð.
- Hverfisnefnd telur varhugavert að breyta hæð húsa úr þremur hæðum í fimm hæðir vegna áhrifa veðra og vinds.

Hverfisnefnd Naustahverfis óskar eftir að fá fund með Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar sem fyrst, þar sem ofangreind atriði verða rædd auk annarra þátta er koma að fyrirhuguðum breytingum á deiliskipulagi fyrir Naustahverfi.

Formanni falið að senda bréf til Skipulagsnefndar þar sem ofangreind atriði koma fram.

3. Umræða um grunnskóla fyrir hverfið

Fundarmenn telja brýnt að hverfisnefndin fái þegar í stað og jafnóðum upplýsingar um gang mála er varða grunnskóla Naustahverfis. Helga og Ólöfu falið að senda skólanefnd Akureyrarbæjar bréf með ósk um fund þar sem staða grunnskóla Naustahverfis verði rædd.

4. Næsti fundur

Formanni falið að kalla fundarmenn saman til næsta fundar.

Fundi slitið kl. 21:55 Fundargerð rituð í tölvu bls. 3-4

Hallveig Björk Höskuldsdóttir ritaði fundargerð

Bjarni Sigurðsson

Hjálmar Guðmundsson

Hallveig Björk Höskuldsdóttir

Helgi Már Barðason